

277. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 12. september 2023 og hófst hann kl. 19:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Lárus Ársælsson umhverfisstjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2306149 - Vatnsrannsóknir á Akranesi

Grunnvatnsathugun á neðri Skaga.

Auk fulltrúa skipulags- og umhverfisráðs, sátu fundinn bæjarfulltrúarnir Valgarður Lyngdal Jónsson, Ragnar B. Sæmundsson, Liv Ase Skarstad, Líf Lárusdóttir, Kristinn Sveinsson, Jónína M Sigmundsdóttir og varabæjarfulltrúinn Ragnheiður Helgadóttir.

Einnig sátu fundinn Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Adolfsson sviðsstjóri.

Starfsmenn frá Verkís Jóhann Örn Friðsteinsson og Anna María Þráinsdóttir kynntu skýrslu um jarð- og grunnvatnsaðstæður á Neðri Skaga.

Fyrstu niðurstöður benda til þess að með tilliti til þeirra gagna sem aflað hefur verið í sumar, rannsókna sem gerðar hafa verið á jarðlögum og grunnvatni á Akranesi, ásamt yfirferð á öðrum gögnum frá veðurfari og mælingum Veitna, telst há grunnvatnsstaða í sumar vera vegna mikillar úrkomu fyrri hluta árs. Síðast mældist meiri úrkoma á þessu tímabili árið 2017 og þar á undan árið 2012.

Starfsmenn Verkís mæla með áframhaldandi vöktun á grunnvatni með síritum og efnagreiningu vatns til að afla nánari upplýsinga og mögulegan uppruna vatnsins og grunnvatnsrennsli á svæðinu. Einnig er mælt með að kanna betur mögulegar ástæður hás grunnvatnsborðs norðvestan við Vesturgötu, við Krókalón.

Skipulags- og umhverfisráð felur umhverfisstjóra að birta skýrsluna á heimasíðu Akraneskaupstaðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00.